

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 14. janúar var haldinn 135. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:08 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Guðfinna Ármannsdóttir, Hafsteinn Númason, Ólafur Þór Zoëga og Sveinbjörn Grétarsson varamaður Eldeyjar Huld Jónsdóttur. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran áheyrnafulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs og Margrét Richter sérfræðingur- fjármála og rekstrar í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Umræða var um nýja ferðakerfið hjá strætó, leið 29, Kjalarnes – Mosfellsbær.

Eftirfarandi bókun varð lögð fram af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalnesinga fagnar bættri þjónustu i almenningsamgöngum við íbúa á Kjalarnesi, þar sem pöntunarþjónusta hefur farið af stað.

2. Umræða var um væntanlegt nýtt deiluskipulag á Esjumelum. Ákveðið var að halda kynningarfund fyrir íbúa Kjalarness, 28.janúar kl. 17:30 til 19:00 í Fólkvangi.
3. Lögð fram umsókn Kjalarness ehf varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar að Sætúni 1 á Kjalarnesi. Umræðum frestað til næsta fundar.
4. Umræða var um hlutverk hverfisráðs og fyrirliggjandi verkefni og starfsáætlun. Ákveðið var að halda áfram með ljósmyndakeppni á Kjalarnesdögum. Auglýsa styrkjaumsóknir hverfisráðs Kjalarness í mars og halda áfram að styrkja Barnalundinn. Fylgja þarf eftir verkefnum eins og göngustíg við Brautarholtsveg, samrekstur á bókasafni og framtíð Fólkvangs þarf að skoða. Framtíð verkefnisins Græna trefilsins þarf að skipuleggja og eins þarf að fá kynningu á framtíðarskipulagi Arnarholts. Ákveðið var að fresta frekari umræðu til næsta fundar.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir að fá kynningu frá Umhverfis og skipulagssviði á öllum fyrirhuguðum framkvæmdum á Kjalarnesi fyrir árið 2016.

### Fundi slitið kl. 19:10

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoëga  
Sveinbjörn Grétarsson

Guðfinna Ármannsdóttur  
Hafsteinn Númason